

LOFTLAGSSTEFNA FLJÓTSDALSHREPPS

Samkvæmt 5. gr. c. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál ber sveitarfélögum að setja sér loftslagsstefnu sem skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð. Loftslagsstefna þessi er fyrir tímabilið 2025-2035 (hér eftir nefnd loftslagsstefnan).

Gildissvið og umfang: Loftslagsstefnan tekur til alls reksturs sveitarfélagsins. Með rekstri er átt við rekstur allra þeirra eininga sem falla undir sveitarfélagið s.s. skrifstofur, mannvirki og áningarstaðir. Loftslagsstefnunni er einnig ætlað að vera íbúum og fyrirtækjum í Fljótsdalshreppi hvatning til góðra verka í loftslagsmálum. Loftslagsbókhald mun innihalda tilteknar lykiltölur frá íbúum og fyrirtækjum í sveitarfélaginu.

Framtíðarsýn: Fljótsdalshreppur skal vera í fremstu röð meðal sveitarfélaga í lýðheilsu, umhverfis- og loftslagsmálum með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Sveitarfélagið skal sýna góð fordæmi til að ná markmiðum Parísarsamningsins um að takmarka hlýnun andrúmsloftsins við 1,5°C. Sveitarfélagið stefnir að því að binda **20%** meira CO₂ en sem svarar losun þess.

Meginmarkmið – Draga úr losun & binda kolefni: Stefnt skal að því Fljótsdalshreppur verði kolefnishlutlaust sveitarfélag árið 2035.

A: Sveitarfélagið stefnir að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

- A.1 Vegna úrgangs -
- A.2 Vegna samgangna -
- A.3 Vegna orku-
- A.4 Vegna innkaupa -
- A.5 Vegna landnotkunar

B: Sveitarfélagið stefnir að því að greina hvort sóknarfæri séu fyrir landeigendur séu innan þess til að binda kolefni í samvinnu við Land og skóga, nýskógrækt, uppgræðslu, endurheimt birkiskóga og endurheimt votlendis.

MÆLANLEGUR ÁRANGUR: Mælanleg markmið og kolefnisbókhald er lykillinn að árangri. Fljótsdalshreppur mun skoða að setja upp loftslagsbókhaldi 2026 og er viðmiðunarár sveitarfélagsins er 2025

Aðgerðaráætlun loftslagsstefnu

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Loftslagsstefna og aðgerðaáætlun tilbúin.	Sveitarstjórn	3.12. 2024
Kolefnisspor/Loftslagsbókhald sveitarfélagsins reiknað og birt árlega.	Umhverfisnefnd	2030
Árlega verði farið yfir kolefnisspor Fljótsdalshrepps og það borið saman við markmið loftslagsstefnu.	Umhverfisnefnd	2031
Greina kolefnisbindingu sveitarfélagsins og í samvinnu við Land og skóg að kanna hvort landnotkun í sveitarfélaginu sé sjálfbær.	Sveitarstjórn	2025
Ef þörf er á verður skoðað hvort keyptar verða vottaðar kolefniseiningar og/eða gróðursetning.	Sveitarstjórn	2030
Loftslagsstefna og aðgerðaáætlun uppfærð, sett ný skammtímamarkmið fyrir þýðingarmikla umhverfispætti, þegar tölur úr kolefnisbókhaldi eru staðfestar.	Sveitarstjórn og umhverfisnefnd	2035
Kafla í skipulags- og útboðsgögnum er byggist á greiningum og leiðbeiningum um Grænni byggð (https://www.graennibyggd.is/) og vistvæn mannvirki hjá www.hms.is . Innleiða í verkferla.	Skipulags- og byggingarnefnd	2035
Við skipulag íbúabyggðar og áningarstaða verði gert ráð fyrir vistvænum farartækjum og aðgangi að vistvænum orkugjöfum. Innleiða í verkferla.	Sveitarstjórn, Skipulags- og byggingarnefnd	2024
Bætt landnýting í þágu loftslagsmála greining á sóknarfærum https://www.loftslagsvaennlandbunadur.is/ Hvetja skal landeigendur og viðeigandi fagstofnanir til loftslagsvænni landbúnaðar	landeigendur og fagstofna	2026.
Störf án staðsetningar – greina sóknarfæri og aðstöðu.	Sveitarstjórn	2025
Fræðsla og upplýsingar um loftslagsmál til íbúa og gerðar í samstarfi við fagstofnanir. Fræðslufundur í upphafi kjörtímabíla	Umhverfisnefnd	
Stefna mótuð hvar og hvernig móttaka á sorpi sé í sveitarfélaginu.	Umhverfisnefnd	3.12. 2024
Fljótsdalshreppur stefnir að því að minnka úrgang árlega um 5%/íbúa og auka endurvinnsluhlutfall. Töluleg markmið endurskoðuð e. 4 ár.	umhverfisnefnd	2026
Stuðlað verði að aukinni jarðgerð og nýtingu lífræns úrgangs. Annað hvert ár.	Sveitarstjórn og umhverfisnefnd	Lokið
Fljótsdalshreppur stefnir að því að minnka losun á koltvísýringi vegna samgangna.	umhverfisnefnd	2025-2035
Aðgerðaáætlun um fjölgun göngu-, reið- og hjólastíga og viðhaldi á núverandi stígum.	Umhverfisnefnd Skipulagsnefnd	2030
Fljótsdalshreppur stefnir að því að auka hlutfall umhverfivottaðra vara í innkaupum upp í 90 %	Sveitarstjóri og starfsfólk	2025

Samþykkt í sveitarstjórn Fljótsdalshrepps 3. 12.2024